

✉ Re: Tilraunaloftþreinsistöð á Nesjavöllum - beiðni um umsögn

Búið til	24.11.2020 16:09:13
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	24.11.2020 16:09:12
Tilheyrir	📁 202011-0021 - Tilraunaloftþreinsistöð á Nesjavöllum - beiðni um umsögn

Efni

Re: Tilraunaloftþreinsistöð á Nesjavöllum - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Sent	24.11.2020 16:09:12	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	jonsmari@skipulag.is
Cc	skipulag@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0021 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 11. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvor og á hvaða forsendum tilraunaloftþreinsistöð á Nesjavöllum skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, umfangi, staðsetningu, eðli og útfærslu framkvæmdarinnar og náttúrufari og umhverfi á því svæði þar sem tilraunahreinsistöðin og plastlögnin frá henni verður telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum m.t.t. 2. viðauka fyrrgreindra laga.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Jón Smári Jónsson" <jonsmari@skipulag.is>
To: "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>
CC:
Subject: Tilraunaloftþreinsistöð á Nesjavöllum - beiðni um umsögn
Date: 11.11.2020 14:35:37

Heil og sæl,

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Meðfylgjandi er greinargerðir tilkynninga um fyrirhugaða tilraunaloftþreinsistöð á Nesjavöllum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tilkynningin verður aðeins send út rafrænt. Umsagnarfrestur er til 26. nóvember 2020. Óskað er að umsögn verði einnig send á tölvupóstföngin jonsmari@skipulag.is (mailto:jonsmari@skipulag.is) og skipulag@skipulag.is (mailto:skipulag@skipulag.is)

Bestu kveðjur,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

jonsmari@skipulag.is (mailto:jonsmari@skipulag.is)

www.skipulag.is (http://www.skipulag.is)

www.facebook.com/skipulagsstofnun (http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)